

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 3. október 2022 og hófst hann kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Eva María Jónsdóttir boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1) Ályktun ársins og málrættarþing

Sjá fg. stj. ÍM 6/2022. Málrættarþing var haldið fimmtudaginn 29. september í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Ályktun ársins um stöðu tungunnar 2022 var kynnt og mæltist hún vel fyrir. Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra flutti ávarp og haldin voru fimm erindi. Tvær viðurkenningar voru veittar og hlutu þær Háskólasetrið á Vestfjörðum fyrir hvatningu og stuðning við notkun íslenskrar tungu í almannarými og Karítas Hrundar Pálsdóttir fyrir sögur á einföldu máli ætlaðar byrjendum í íslensku.

### 2) Málþing ársins 2023

Sjá fg. stj. ÍM 6/2022. Áhersluatriði Íslenskrar málnefndar 2023 er fjölmenningsarsamfélagið og mun málrættarþing, sem haldið verður í september, vera um það málefni. Einnig er ráðgert að halda málþing í maí um íslensku og ensku í samfélaginu.

### 3) Íslenska í samfélagsumræðunni

Anna Sigríður Þráinsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson ræddu um málstaðal á fræðslukvöldi Félags íslenskra fræða sem haldið var 20. september.

Ármann Jakobsson og Eva María Jónsdóttir hafa birt pistla á *vísir.is* um íslenskt mál. Pistlarnir hafa m.a. verið um atriði í [íslenskri málstefnu 2021–2030](#).

Málþing um sambylí íslensku og ensku verður haldið í maí 2023, sbr. lið 2) hér að ofan.

### 4) Fundur stóru málnefndarinnar

Áætlað er að halda fund fullskipaðrar málnefndar 23. nóvember. Á fundinum verður m.a. rætt um undirbúning hinna tveggja málþinga á næsta ári.

### 5) Málstefnur sveitarfélaganna

Rætt var um að útbúa leiðbeiningar fyrir sveitarfélög, skóla og fjölmiðla sem vilja setja málstefnu. Gert er ráð fyrir að drög að leiðbeiningum liggi fyrir á næsta stjórnarfundum.

**6) Önnur mál**

Engin önnur mál voru til umræðu.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 16:40.

Árman Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.